

Þýskaland

SAMNINGUR

milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND OG SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND SEM ERU ÁSÁTT um að gera með sér samning til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir,

HAFA í því skyni skipað sem fulltrúa sína með umboði:

Forseti Lýðveldisins Íslands:
Herra Árna Tryggvason, sendiherra

Forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands:
Dr. Paul Frank, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu,

Dr. Hans Georg Emde,
ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu
sem, eftir að hafa skipzt á umboðum, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Samningur þessi tekur til aðila, sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum aðildarríkjunum.

2. gr.

- Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum, sem eru álagðir vegna hvors aðildarríkisins um sig, einstakra ríkja þess (Länder), opinberra stofnana eða sveitarstjórna, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir.
- Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar, sem lagðir eru á heildartekjur, heildareignir eða á þætti tekna og eigna, þar með taldir skattar af ágóða af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.
- Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru aðallega þessir:
 - Í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:
tekjuskattur (die Einkommensteuer), félagaskattur (die Körperschaftsteuer), eignarskattur (die Vermögensteuer) og viðskiptaskattur (die Gewerbesteuer), þar með taldir skattar, sem á eru lagðir til viðbótar, og byggðir á, framangreindum sköttum (hér eftir nefndur "þýzkur skattur");
 - á Íslandi:
tekjuskattur til ríkisins, eignarskattur til ríkisins, tekjuútsvar til sveitarfélaga og eignarútsvar til sveitarfélaga, þar með taldir skattar, sem á eru lagðir til viðbótar og byggðir á framangreindum sköttum (hér eftir nefndur "Íslenskur skattur").
- Samningurinn tekur einnig til allra þeirra skatta, sömu eða svipaðrar tegundar, sem síðar verða lagðir á til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta.
- Ákvæði samnings þessa, að því er varðar skattlagningu á tekjur eða eignir, taka einnig til hins þýzka viðskiptaskatts, sem reiknaður er af öðrum stofni en tekjum eða eignum.

3. gr.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

- a) "Sambandslýðveldið Þýzkaland", þegar notað í landfræðilegum skilningi, merkir landssvæði það, þar sem Grundvallarlög Sambandslýðveldisins, Þýzkalands gilda, svo og sérhverjt það svæði, sem liggur að landhelgi Sambandslýðveldisins Þýzkalands og þar sem Sambandslýðveldið Þýzkaland getur, í samræmi við reglur alþjóðalaga, beitt rétti sínum, að því er varðar hafsbotninn og jarðlögin undir honum og náttúruauðæfi þeirra og með er farið sem innlent svæði að skattalögum.
- b) "Ísland", þegar notað í landfræðilegum skilningi, merkir landssvæði Lýðveldisins Íslands, svo og sérhverjt það svæði, sem liggur að landhelgi Íslands og þar sem Ísland getur, í samræmi við reglur alþjóðalaga, beitt rétti sínum, að því er varðar hafsbotninn og jarðlögin undir honum og náttúruauðæfi þeirra og með er farið sem innlent svæði að skattalögum.
- c) "Aðildarríki" og "hitt aðildarríkið" merkja Sambandslýðveldið Þýzkaland eða Ísland eftir því sem efnið gefur til kynna.
- d) "Aðili" merkir mann, félag og sérhverja aðra stofnun, sem skattskyld er sem slík, þar með talið sameignarfélag.
- e) "Félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun, sem telst persóna að lögum, að því er skatta varðar.
- f) "Fyrirtæki í aðildarríki" og fyrirtæki í hinu aðildarríkinu" merkir fyrirtæki, sem rekið er af aðila heimilisföstum í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, og fyrirtæki, sem rekið er af aðila heimilisföstum á Íslandi, eftir því sem efnið gefur til kynna.
- g) "Aðili heimilisfastur í aðildarríki" og "aðili heimilisfastur í hinu aðildarríkinu" merkir aðila, sem er heimilisfastur í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, eða aðila sem er heimilisfastur á Íslandi, eftir því sem efnið gefur til kynna.
- h) "Skattur" merkir þýzkan skatt eða íslenzkan skatt, eftir því sem efnið gefur til kynna.
- i) "Ríkisborgari" merkir:
 - aa. að því er Sambandslýðveldið Þýzkaland varðar:
alla þá, sem Þjóðverjar eru samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 116. gr. Grundvallarlaga Sambandslýðveldisins Þýzkalands, svo og allar persónur að lögum, sameignarfélag og samtök, sem byggja réttarstöðu sína á gildandi lögum Sambandslýðveldisins Þýzkalands;
 - bb. að því er Ísland varðar:
alla menn, sem hafa íslenzkt ríkisfang, svo og allar persónur að lögum, sameignarfélag og samtök, sem byggja réttarstöðu sína á gildandi íslenzkum lögum.
- j) "Bært stjórnvald" merkir, að því er Sambandslýðveldið Þýzkaland varðar, fjármálaráðherra Sambandslýðveldisins, og að því er Ísland varðar, fjármálaráðherrann eða umboðsmann hans.

2. Við framkvæmd aðildarríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind á annan hátt, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi ríkis, að því er varðar skatta þá, sem samningur þessi tekur til.

4. gr.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "aðili heimilisfastur í aðildarríki" sérhvern þann aðila, sem 4. tl. tekur ekki til og sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl., skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

- a) Maður telst heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum aðildarríkjunum, telst hann heimilfastur í því aðildarríki, sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna).
- b) Ef ekki er unnt að ákvarða, í hvoru aðildarríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann í hvorugu aðildarríkinu á fast heimili, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar

sem hann dvelst að jafnaði.

c) Ef maður dvelst að jafnaði í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann á ríkisfang.

d) Ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu aðildarríkjanna, skulu bær stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfang í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl., telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

4. Sameignarfélag telst heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þess hefur aðsetur. Ákvæði 5. gr. til og með 22. gr. taka samt sem áður aðeins til þeirra tekna eða eigna sameignarfélags, sem skattskyldar eru í því aðildarríki, þar sem það telst heimilisfastur.

5. gr.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun, þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. "Föst atvinnustöð" er einkum:

a) aðsetur framkvæmdastjórnar;

b) útibú;

c) skrifstofa;

d) verksmiðja;

e) verkstæði;

f) náma, grjótnáma eða annar staður, þar sem náttúruauðlindir eru nýttar;

g) byggingaframkvæmdir eða samsetningarvinna, sem stendur yfir lengur en tólf mánuði.

3. "Föst atvinnustöð" tekur ekki til:

a) aðstöðu, sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b) vörubirgða í eigu fyrirtækisins, sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) vörubirgða í eigu fyrirtækisins, sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar atvinnustofnunar, sem einungis er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e) fastrar atvinnustofnunar, sem einungis er notuð til auglýsingastarfsemi, upplýsingastarfsemi, vísindarannsóknar eða svipaðrar starfsemi, sem felur í sér undirbúnings- eða aðstoðarstörf vegna fyrirtækisins.

4. Aðili, sem hefur á hendi starfsemi í aðildarríki fyrir fyrirtæki í hinu aðildar-ríkinu - undanskilinn er þó óháður umboðsaðili samkvæmt 5. tl. - skal teljast föst atvinnustöð í fyrrnefnda ríkinu, ef hann hefur heimild til að gera samninga fyrir hönd fyrirtækisins í því ríki og að jafnaði beitir þessari heimild, nema starfsemi hans sé einskorðuð við vörukaup fyrir fyrirtækið.

5. Fyrirtæki í aðildarríki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan takmarka venjulegs atvinnureksturs síns.

6. Þótt félag, sem er heimilisfastur í aðildarríki, stjórni eða sé stjórnað af félagi, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess, að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

1. Tekjur af fasteign má skattleggja í því aðildarríki, þar sem fasteignin er.
2. Hugtakið "fasteign" skal skýra í samræmi við lög þess aðildarríkis, þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.
3. Ákvæði 1. tl. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.
4. Ákvæði 1. og 3. tl. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign, sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki er skattskyldur einungis í því ríki, nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum, má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.
2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort aðildarríkið um sig telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað, sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut, ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki, sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það, sem hún er föst atvinnustöð fyrir.
3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld, sem leiða af því, að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnaður við framkvæmdastjórn og venjulegur stjórnunarkostnaður, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er, eða annars staðar.
4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess, skal ekkert í 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu, sem venja hefur verið. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík, að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur, sem ákveðnar eru í þessari grein.
5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.
6. Við notkun ákvæða framangreindra tölulíða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs, nema fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
2. Ákvæði 1. tl. skulu einnig eiga við um þátttöku í rekstrarsamvinnu (pools), viðskiptasamtökum eða hvers konar alþjóðlegri samvinnu fyrirtækja, sem hafa með höndum rekstur skipa eða loftfara á alþjóðaleiðum.
3. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því aðildarríki, þar sem heimahöfn skipsins er eða ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða, þá í því aðildarríki, þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

9. gr.

Þegar:

- a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í aðildarríki og fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Ef fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því, sem væri, ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

10. gr.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka ágóðahluti má þó skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið, sem greiðir ágóðahlutina, er heimilisfast og eftir lögum þess ríkis, en skatturinn, sem þannig er á lagður, má þó eigi vera hærrí en:
 - a) 5% af vergri fjárhæð ágóðahlutanna, ef móttakandinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag), sem á beint að minnsta kosti 25% eignarhlutdeild í félaginu, sem ágóðahlutina greiðir;
 - b) 15% af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.
3. Þegar ágóðahlutir eru greiddir félagi heimilisföstu á Íslandi, af félagi heimilisföstu í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, og eignarhlutdeild íslenska félagsins í því er beint eða óbeint að minnsta kosti 25%, má, þrátt fyrir ákvæði 2. tl., leggja þýzkan skatt á ágóðahlutina, þó eigi hærrí en 27,5% af vergri fjárhæð þeirra, enda sé skattstigi þýzks félagaskatts á úthlutaðan hagnað lægri en á úthlutaðan hagnað og munurinn á þessum tveimur skattstigum 15 hundraðshlutar eða meiri.
4. Þegar ágóðahlutir eru greiddir félagi heimilisföstu í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, af félagi heimilisföstu á Íslandi, og eignarhlutdeild þýzka félagsins í því er beint eða óbeint að minnsta kosti 25%, má, þrátt fyrir ákvæði 2. tl. leggja íslensk skatt á ágóðahlutina, þó eigi hærrí en 36% af vergri fjárhæð þeirra, þó aðeins að því marki, sem slíkir ágóðahlutir voru dregnir frá tekjum íslenska félagsins við ákvörðun íslenska félagaskattsins.
5. Hugtakið "ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, námuhlutabréfum, stofnbrefum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum, sem jafngilda tekjum af hlutabréfum samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis, þar sem félagið, sem úthlutunina framkvæmir, er heimilisfast, svo og tekjur, sem óvirkur félagi fær vegna þátttöku sinnar sem slíkur, og úthlutanir af hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsamtaka (certificates of an investment trust).
6. Ákvæði 1. tl. 4. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem félag það, sem ágóðahlutina greiðir, er heimilisfast, fasta atvinnustöð, sem eignarréttindin, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
7. Ef félag, sem er heimilisfast í aðildarríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu, getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina, sem félagið greiðir aðilum, sem ekki eru heimilisfastir í því ríki, eða lagt skatt á úthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt, þótt greiddu ágóðahlutirnir eða úthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur, sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.

1. Vextir, sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, skulu einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið "vextir" í þessari grein merkir tekjur af opinberum skuldabréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, án tillits til hvort þau eru tryggð með veði eða fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði eða ekki, og hvers konar skuldakröfum, svo og allar aðrar tekjur, sem jafngilda tekjum af lánuðu fé, samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis, þar sem tekjurnar mynduðust.
3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem vextirnir mynduðust, fasta atvinnustöð, sem skuldakrafan, sem vextina ber, er raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
4. Vextir teljast hafa myndast í aðildarríki, þegar greiðandinn er ríkið sjálft, einstök ríki þess (Länder), opinberar stofnanir þess, sveitarstjórnir eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar, hins vegar, aðilinn, sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í aðildarríki eða ekki, rekur í aðildarríki fasta atvinnustöð og stofnað er til skuldbindingarinnar, sem vextina ber, í sambandi við föstu atvinnustöðina og vextirnir færðir henni til gjalda, þá skulu vextirnir teljast hafa myndast í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin er.
5. Þegar sérstakt samband milli greiðanda og viðtakanda eða milli beggja þessara aðila og þriðja aðila, leiðir til þess, að vaxtafjárhæðin, miðuð við þá skuldakröfu, sem hún er greidd af, er hærri en sú vaxtafjárhæð, sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um, ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á, skal fjárhæðin, sem umfram er, vera skattskyld í samræmi við skattalög hvors aðildarríkis um sig, en taka skal í því sambandi tillit til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.

1. Þóknanir, sem myndast í aðildarríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, skulu einungis skattlagðar í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið "þóknanir" í þessari grein merkir sérhverjar greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar hvers konar höfundarréttar á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu, þar með taldar kvikmyndir, einkaleyfi, vörumerki, munstur eða líkön, áætlanir, leynilegar uppskriftir eða framleiðsluaðferðir, eða fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað eða fyrir upplýsingar um reynslu á iðnaðar-, viðskipta- eða vísindasviðinu.
3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi þóknanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem þóknanirnar mynduðust, fasta atvinnustöð, sem réttindin eða eignin, sem þóknanirnar stafa frá, er raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.
4. Þóknanir teljast hafa myndast í aðildarríki, þegar greiðandinn er aðildarríkið sjálft, einstök ríki þess (Länder), opinberar stofnanir þess, sveitarstjórnir eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar, hins vegar, aðilinn, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í aðildarríki eða ekki, rekur í aðildarríki fasta atvinnustöð og skyldan til að greiða þóknanirnar var stofnuð í sambandi við föstu atvinnustöðina og þær færðar henni til gjalda, þá skulu þóknanirnar teljast hafa myndast í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin er.
5. Þegar sérstakt samband milli greiðanda og viðtakanda eða milli beggja þessara aðila og þriðja aðila, leiðir til þess, að fjárhæð þóknanna, miðuð við þau afnot, réttindi eða upplýsingar, sem greitt er fyrir, er hærri en sú fjárhæð, sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um, ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á, skulu greiðslurnar, sem umfram eru, vera skattskyldar í samræmi við skattalög hvors aðildarríkis um sig, en taka skal í því sambandi tillit til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

1. Ágóða af sölu fasteignar, sem nánar er skilgreind í 2. tl. 6. gr., má skattleggja í því aðildarríki, þar sem fasteignin er.
2. Ágóða af sölu lausafjár, sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í aðildarríki rekur í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Hið sama gildir um sölu lausafjár, sem tilheyrir fastri stofnun, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu til þess að leysa af höndum sjálfstæða starfsemi sína. Þetta á einnig við um ágóða af sölu fastrar atvinnustöðvar (einnar sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða fastrar stofnunar. Ágóði af sölu lausafjár þeirrar tegundar, sem greinir í 3. tl. 22. gr., er hins vegar einungis skattskyldur í því aðildarríki, þar sem slíkt lausafé er skattskytt samkvæmt nefndri grein.
3. Ágóði af sölu allra eigna, annarra en þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. tl. þessarar greinar, skal einungis vera skattskyldur í því aðildarríki, þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki, hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi svipaðrar tegundar, skulu einungis vera skattskyldar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði í hinu aðildarríkinu fasta stofnun, til þess að leysa af höndum þessi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun, má leggja skatt á tekjurnar í hinu aðildarríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra, sem rekja má til hinnar föstu stofnunar.
2. Hugtakið "sjálfstæð starfsemi" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, kennslu og uppeldismála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki, fær fyrir starf sitt, einungis skattlagðar í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er innt af hendi þar, má skattleggja greiðsluna fyrir það í síðarnefnda ríkinu.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl., skulu greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki, fær fyrir starf, sem hann innir af höndum í hinu aðildarríkinu, einungis vera skattskyldar í fyrrnefnda ríkinu, ef:
 - a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem þó ekki fara fram úr 183 dögum samtals á viðkomandi almanaksári, og
 - b) greiðslurnar eru inntar af höndum af eða fyrir hönd vinnuveitanda, sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og
 - c) greiðslurnar eru ekki gjaldfærðar fastri atvinnustöð eða fastri stofnun, sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.
3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja greiðslur fyrir starf unnið um borð í skipi á alþjóðaleiðum, í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Ákvæði þessa töluliðar skulu einnig gilda um greiðslur fyrir starf unnið um borð í fiskveiða-, selveiða- eða hvalveiðaskipi, einnig þótt greiðslurnar séu inntar af hendi sem ákveðinn aflahlutur eða hluti af afrakstri þessarar útgerðar.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl., skulu greiðslur fyrir starf unnið eingöngu eða aðallega um borð í loftfari, sem rekið er af fyrirtæki í aðildarríki, einungis skattlagðar í því aðildarríki, þar sem viðtakandi greiðslunnar er heimilisfastur.

16. gr.

Stjórnarlaun og aðrar sviðaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir að vera stjórnarmaður félags, sem heimilisfast er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila, sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar almenningi, svo sem leikhús-, kvikmynda-, hljóðvarps- eða sjónvarpslistamenn, hljómlistarmenn og íþróttamenn, af tekjum sem þeir hafa af slíkum persónulegum störfum, í því aðildarríki, þar sem þessi störf eru innt af höndum.

18. gr.

1. Greiðslu, með þeirri undantekningu, sem um ræðir í 19. gr., sem innt er af hendi af aðildarríki, einstöku ríki þess (Land), opinberri stofnun þess eða sveitarstjórn, beint eða úr sjóðum stofnuðum af þessum aðilum, til manns fyrir starf hans, má skattleggja í því ríki. Ef starfið er innt af hendi í hinu aðildarríkinu af ríkisborgara þess ríkis, sem ekki er ríkisborgari í fyrrnefnda ríkinu, skal einungis skattleggja greiðsluna í því ríki.
2. Ákvæði 15., 16. og 17. gr. gilda um greiðslu fyrir starf, sem innt er af hendi í sambandi við hvers konar viðskipti, sem rekin eru í hagnaðarskyni af aðildarríki, einstöku ríki þess (Land), opinberri stofnun þess eða sveitarstjórn.
3. Ákvæði 1. tl. skulu á sama hátt gilda um greiðslu, sem innt er af hendi af þýzka ríkisbankanum, þýzku ríkisjárnbrautunum og þýzku póstmálastofnuninni, svo og Seðlabanka Íslands og íslenzku póst- og símamálastjórninni.

19. gr.

1. Eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem inntar eru af hendi til aðila, sem heimilisfastur er í aðildarríki, vegna fyrra starfs hans, skulu einungis skattlagðar í því ríki.
2. Eftirlaun, árgreiðslur og aðrar tímabilsgræiðslur eða greiðslur í eitt skipti fyrir öll, sem greiddar eru til manns af aðildarríki, einstöku ríki þess (Land), opinberri stofnun þess eða sveitarstjórn sem skaðabætur fyrir líkamsmeiðsl eða tjón, sem hann hefur beðið vegna hernaðaraðgerða eða stjórnmálaofsókna, skulu einungis skattlagðar í því ríki.

20. gr.

1. Prófessor eða kennari, sem heimilisfastur er í aðildarríki og sem dvelur í hinu aðildarríkinu, þó ekki yfir tvö ár, í því skyni að stunda framhaldsnám, rannsóknir eða kennslu við háskóla, æðri skóla, aðra skóla eða menntastofnanir, skal ekki skattlagður í síðarnefnda ríkinu af greiðslum, sem hann fær fyrir þetta starf.
2. Námsmaður eða nemi (þar með talinn sjálfboðaliði (Volontär), eða nemi til reynslu (Praktikant)), sem er, eða síðast var, heimilisfastur í aðildarríki og sem dvelur um stundarsakir í hinu aðildarríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki skattlagður í síðarnefnda ríkinu af greiðslum, sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.
3. Námsmaður við háskóla eða aðra æðri menntastofnun í aðildarríki, sem starfar í hinu aðildarríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem þó ekki fara fram úr 100 dögum samtals á almanaksárinu,

til þess að öðlast starfsþjálfun nauðsynlega menntun sinni, skal ekki skattlagður í síðarnefnda ríkinu af greiðslum fyrir þetta starf.

21. gr.

Tekjur, sem ekki er sérstaklega fjallað um hér að framan, skulu einungis skattlagðar í því aðildarríki, þar sem viðtakandi þeirra er heimilisfastur.

22. gr.

1. Eign, sem er fasteign samkvæmt skilgreiningu 2. tl. 6. gr., má skattleggja í því aðildarríki, þar sem eignin er.
2. Eign í lausafé, sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis eða í lausafé, sem tilheyrir fæstri stofnun, sem notuð er í sambandi við sjálfstæða starfsemi, má skattleggja í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.
3. Skip og loffför, sem notuð eru á alþjóðaleiðum, svo og lausafé, sem tilheyrir rekstri slíkra skipa og lofffara, skulu einungis skattlögð í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í aðildarríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

23. gr.

1. Skattur aðila heimilisfasts í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi skal þannig ákveðinn:
 - a) Nema ákvæði b-liðar eigi við, skal eigi telja með skattstofninum, sem þýzkur skattur er lagður á, þær tekjur frá Íslandi og þær eignir á Íslandi, sem samkvæmt samningi þessum má skattleggja á Íslandi. Sambandslýðveldið Þýzkaland áskilur sér hins vegar rétt til að taka tillit til tekna þessara og eigna, sem þannig voru eigi meðtaldar, við ákvörðun skattstiga síns. Framangreind ákvæði þessa stafliðar skulu, að því er varðar tekjur af ágóðahlutum, einungis taka til þeirra ágóðahluta, sem greiddir eru félagi heimilisföstu í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi af félagi heimilisföstu á Íslandi, ef að minnsta kosti 25% eignarhlutdeild í íslenska félaginu er bein eign þýzka félagsins. Enn fremur skal eigi talin með skattstofninum, sem þýzkur skattur er lagður á, sú hlutafjäreign þar sem ágóðahlutirnir af henni, ef greiddir, myndu eigi hafa verið taldir með skattstofninum, sem skattur er lagður á samkvæmt ákvæðum næsta málsliðar hér að framan.
 - b) Samkvæmt ákvæðum þýzka skattalaga um frádrátt erlendra skatta skal leyfður sem frádráttur frá þýzkum skatti á tekjur íslenskur skattur greiddur samkvæmt ákvæðum samnings þessa af eftirtöldum tekjum:
 - aa. ágóðahlutum, sem ekki er fjallað um í staflið a;
 - bb. greiðslum samkvæmt ákvæðum 16. gr.Samt sem áður skal frádrátturinn ekki fara fram úr þeim hluta þýzka skattsins, sem kemur í hlut þessara tekna, eins og hann er reiknaður áður en frádrátturinn er gerður.
2. Skattur aðila heimilisfasts á Íslandi skal þannig ákveðinn:
 - a) Nema ákvæði b-liðar eigi við, skal eigi telja með skattstofninum, sem íslenskur skattur er lagður á, þær tekjur frá Sambandslýðveldinu Þýzkalandi og þær eignir í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, sem samkvæmt samningi þessum má skattleggja í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi. Ísland áskilur sér hins vegar rétt til að taka tillit til tekna þessara og eigna, sem þannig voru eigi meðtaldar, við ákvörðun skattstiga síns.
 - b) Leyfður skal sem frádráttur frá íslenskum skatti á tekjur þýzkur skattur greiddur samkvæmt ákvæðum samnings þessa af eftirtöldum tekjum:
 - aa. ágóðahlutum;
 - bb. greiðslum samkvæmt ákvæðum 16. gr.Samt sem áður skal frádrátturinn ekki fara fram úr þeim hluta íslenska skattsins, sem kemur í hlut þessara tekna, eins og hann er reiknaður áður en frádrátturinn er gerður.

24. gr.

1. Ríkisborgarar aðildarríkis skulu ekki vera háðir annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í hinu aðildarríkinu heldur en ríkisborgarar þess ríkis eru eða gætu orðið við sömu aðstæður.
2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í aðildarríki rekur í hinu aðildarríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki þar, sem hafa sams konar starfsemi með höndum.
Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig, að það skyldi aðildarríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu aðildarríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstéttar eða fjölskylduframfærslu, sem það veitir aðilum, sem eru heimilisfastir í fyrrnefnda ríkinu.
3. Þótt fjármagn fyrirtækja í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnað af einum eða fleiri aðilum, sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu, skulu þau ekki vera háð annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu heldur en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki eru eða gætu orðið.

25. gr.

1. Þegar aðili heimilisfastur í aðildarríki telur, að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðru eða báðum aðildarríkjunum, leiði til eða muni leiða til skattlagningar, að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann vísað málinu til bærs stjórnvalds þess aðildarríkis, þar sem hann er heimilisfastur, án tillits til þeirrar réttarverndar, sem kann að vera heimiluð í löggjöf ríkjanna.
2. Ef hið bæra stjórnvald telur, að mótmælin séu á rökum reist, en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt, skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu aðildarríkinu, í því skyni að komast hjá skattlagningu, sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa.
3. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu ákvæða samningsins. Þau geta einnig ráðgætt sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum, sem ekki er fjallað um í samningnum.
4. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það, sem um er rætt í þessari grein. Þegar æskilegt virðist að fram fari munnlegar umræður til þess að samkomulag náist, geta slíkar umræður farið fram í nefnd, sem skipuð er fulltrúum bærra stjórnvalda beggja aðildarríkjanna.

26. gr.

1. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar samnings þessa og innlendarar löggjafar aðildarríkjanna, varðandi skatta, sem ákvæði samnings þessa ná til, að því leyti, sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við samninginn. Allar upplýsingar, sem þannig er á skipzt, skal fara með sem trúnaðarmál og ekki gera kunnar öðrum aðilum eða stjórnvöldum, þar með töldum dómstólum, en þeim, sem hafa með höndum ákvörðun, innheimtu eða ákærvald varðandi þá skatta, sem samningur þessi fjallar um.
2. Ákvæði 1. tl. skal í engu tilviki skýra þannig, að þau leggi á annað hvort aðildarríkjanna skyldu til:
 - a) að framkvæma stjórnarráðstafanir, sem víkja frá löggjöf eða stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,
 - b) að láta í té gögn, sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,

c) að láta í té upplýsingar, sem mundu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verzlunar eða annarrar starfsemi svo og upplýsingar, sem gagnstætt er almenningshagsmunum (ordre public) að gefa.

27. gr.

1. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattvilknanir, sem opinberir starfsmenn við sendiráð eða ræðismannsskrifstofur njóta, samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða í samræmi við ákvæði í sérstökum samningum.
2. Að svo miklu leyti, sem tekjur eða eignir eru ekki skattlagðar í dvalarlandinu vegna skattvilknana, sem opinberir starfsmenn við sendiráð eða ræðismannsskrifstofur njóta, samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða í samræmi við ákvæði í sérstökum alþjóðasamningum, skal heimarákið hafa rétt til skattlagningar.
3. Í sambandi við framkvæmd samnings þessa skulu menn, sem eru starfsmenn sendiráða eða ræðismannsskrifstofa aðildarríkis í hinu aðildarríkinu eða í þriðja ríkinu og sem eru ríkisborgarar þess ríkis, er sendi þá, teljast heimilisfastir í því ríki, ef þeir bera sömu skyldu varðandi skatta af tekjum og eignum og aðilar heimilisfastir þar.

28. gr.

Samningur þessi skal einnig gilda fyrir Berlínarríki (Land Berlin), enda hafi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands ekki tilkynnt ríkisstjórn Íslands innan þriggja mánaða frá gildistöku samnings þessa, að svo skuli ekki vera.

29. gr.

1. Samningur þennan skal fullgilda og skipzt skal á fullgildingarskjölum í Reykjavík, svo fljótt sem kostur er.
2. Samningur þessi skal ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að skipzt hefur verið á fullgildingarskjölum og koma til framkvæmda:

a) Í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:
um skatta, sem á eru lagðir fyrir almanaksárið 1968 og fyrir eftirfarandi almanaksár.

b) á Íslandi:
um skatta, sem á eru lagðir fyrir skattárið 1968 og fyrir eftirfarandi skattár.

3. Ákvæði samkomulags milli hinna tveggja ríkisstjórna, sem til var stofnað með skiptum á orðsendingum dagsettum 8. október 1962 og 18. júlí 1963, um tvísköttun skipafélaga og flugfélaga, skulu, er samningur þessi gengur í gildi, falla úr gildi frá þeim degi, sem ákvæði samnings þessa koma til framkvæmda.

30. gr.

Samningur þessi skal gilda um ótiltekinn tíma, en hvort aðildarríkjanna um sig getur, 30. júní eða fyrr almanaksár hvert, sem hefst eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins, tilkynnt hinu aðildarríkinu, eftir diplómatislum leiðum, skriflega uppsögn samningsins, og sé svo gert, skal samningur þessi hættu að koma til framkvæmda:

a) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi:

að því er varðar skatta álagða fyrir þau almanaksár, sem næst eru á eftir því almanaksári, sem uppsögnin er gerð;

b) á Íslandi:

að því er varðar skatta álagða fyrir þau skattár, sem næst eru á eftir því skattári, sem uppsögnin er gerð.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR höfum vér undirritaðir, sem fengið höfum umboð ríkisstjórna vorra, undirritað samning þennan.

GERT í Bonn hinn 18. marzmánaðar 1971 í tveimur frumritum, hvoru um sig á íslenzku og þýzku, og skulu textar beggja vera jafngildir.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands:

Árni Tryggvason

Fyrir hönd Sambandslýðveldisins Þýskalands:

Paul Frank

Hans Georg Emde

BÓKUN

Við undirritun samnings þess, sem í dag hefur verið gerður milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands til að koma í veg fyrir tvísköttun, að því er varðar skatta á tekjur og eignir, hafa undirritaðir fulltrúar með umboði ritað nöfn sín undir eftirfarandi bókun, sem myndar hluta af samningnum:

Staflið a. 1. töluliðar 23. greinar skal einungis beitt um ágóðahluti, sem greiddir eru af félagi, sem eingöngu eða næstum eingöngu hefur tekjur:

a) af framleiðslu, sölu vara, leigu, tæknilegum ráðum eða þjónustu, eða banka- eða váttryggingarstarfsemi á Íslandi, eða

b) af ágóðahlutum greiddum af einu eða fleiri félögum, heimilisföstum á Íslandi, sem sjálf hafa tekjur sínar eingöngu eða næstum eingöngu af framleiðslu, sölu vara, leigu, tæknilegum ráðum eða þjónustu, eða banka- eða váttryggingarstarfsemi á Íslandi.

Í því tilviki, að þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, skal beita staflið b 1. töluliðar 23. greinar.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands:

Árni Tryggvason

Fyrir hönd Sambandslýðveldisins Þýskalands:

Paul Frank

Hans Georg Emde